

Hálendisgæsla á Kili 1. – 10. ágúst 2008

1. ágúst

Ekið frá Kjalarnesi til Hveravalla þar sem vaktaskipti fóru fram um fjögurleytið – fimm manns á Econolinerinn. Tókum við af Brák í Borgarnesi í brakandi blíðu. Brákarmenn sýndu okkur “slotið” ásamt búnaði og gáfu okkur ýmsar hagnýtar upplýsingar áður en þeir kvöddu. Skálavörðurinn kom og heilsaði upp á nýja fólkið og reddaði einu dekkjaverkefni í hveli, svona til þess að koma okkur á bragðið. Það sem eftir var dags nýttum við til þess að koma okkur fyrir, skoða nágrennið og máta okkur við laugina.

2. ágúst

Morgunrúnturinn var inn að neðra Blönduvaði, sem var heldur óárennilegt, enda búið að vera mikill hiti í langan tíma, mikil jöklabráðnun. Þennan dag var heiðskýrt og 19° hiti á Hveravöllum – mikið ryk á Kili.

Seinna var farið inn á Stórasand, að Áfanga, Bugaskála og Galtarárskála og spjallað við skálaverði. Nánast engin umferð var austan við Blöndulón en talsvert af fólki sem kom við á Hveravöllum og hittu þá, sem þar voru við gæslu við gáminn. Spurt var um slóðir norðan jökla, veðurspána, ferðir í Kerlingarfjöll, tjaldstæði í grenndinni, Hálendisgæsluna o.fl. Um kvöldið var kíkt inn á Þröskuld við Þjófadali.

3. ágúst

Menn fóru þreyttir fram úr um morguninn því talað og tíst hafði verið í talstöðvunum nánast alla nóttina, vegna leitar við Landmannalaugar.

Um morguninn var efra Blönduvaðið vaðið og dæmt ófært flestum bílum. Gíslaskáli, Árbúðir, Þverbrekknamúli, Tjarnarheiði og Hvítárnes heimsóttir og heilsað upp á skálaverði og ferðamenn. Hesta- og göngufólk ásamt þeim sem voru akandi. Mikið vatn var í Fúlukvísl.

Umferð um Kjöl var aðallega í norður og frekar rólegt í gámnum þar sem spurt var um færð og vegalengdir. Eitt dekk var tappað og verkfæri lánuð – slakað á með frísbee og heitu baði.

Aftur var farin kvöldferð inn að Þröskuldi til þess að gá að mannlausum bíl, sem sést hafði daginn áður. Hann var farinn.

4. ágúst

Ókum inn að Kerlingarfjöllum og hittum skálaverði sem báðu um að þúströr á bíl yrði lagfært. Kíktum líka á hverasvæðið og slóðina norðan við Kerlingarfjöll eins langt og fjarskiptasamband leyfði.

Þeir sem voru á Hveravöllum á meðan sinntu fyrirspurnum um vöð, línuveginn, leiðina yfir í Eyjafjörð, aðstöðuna í Kerlingarfjöllum o.fl.

Hálendiskortið var oft frammi og til stuðnings ensku, þýsku og dönsku leiðbeiningunum.

Reynt var að bjarga leku kælivatnsröri á fólksbíl með pappír og teipi, þegar allt annað þraut.

Svalt var í veðri þennan dag og súld í morgunsárið. Þegar neðra Blönduvað var athugað um kvöldið var frekar lítið í ánni og einfalt að fara yfir.

5. ágúst

Við tókum daginn snemma þegar bakvakt Landsstjórnar hafði samband rétt fyrir klukkan eitt um nóttina, vegna bíls sem hafði bilað. Þrír menn drifu sig út í myrkrið. Fyrstu upplýsingar bentu til þess að staðsetningin væri sunnan Blöndulóns og stutt frá Hveravöllum. Seinna kom í ljós að bíllinn var á Stórasandi og var ekki komið að honum fyrr en um 3 klst. seinna. Mikil þoka var á leiðinni og vegslóðin frá Kili mjög seinfarinn. Ökumaður ásamt tveimur börnum var skutlað á Blönduós, enda bílaleigubíllinn óökuhæfur, bremsulaus og þústið undan. Eftir smá fyrirhöfn fannst gisting fyrir fólkið og einnig var haft samband við bílaleiguna. Heim á Hveravelli og í bólið var komið um kl. 7.30, en þá tóku þeir tveir við vaktinni, sem höfðu fengið einhvern svefn.

Ekki var hvíldin löng því um 11-leytið þurfti að huga að farangurskerru með brotinn öxull rétt sunnan Hveravalla. Koma þurfti kerrunni af veginum og ferja farangur niður að skála. Dekkjaverkefni við Innri Skúta kom strax í kjölfarið.

Þegar hægðist um voru bæði Blönduvöðin vaðin, það efra með frönskum blaðamanni og ljósmyndara með í för. Þau sátu lengi að spjalli og öfluðu sér upplýsinga um ferðamennsku, hættur, örnefni, þjóðsögur o.fl. vegna greina í frönsku Geo-tímariti.

Þeir sem voru í gámagæslunni sinntu óvenju mörgum þennan dag – aðstoð við að komast inn í læstan bíl, lán á síma og verkfærum, olía “lánuð” auk spurninga um vegi/slóða. Einnig var hjólreiðamanni með bakeymsli sinnt með kæligeli og mjúkum höndum og virtist það virka vel, því hann kom tvisvar sinnum til viðbótar í meðferð.

Annasamur dagur og keyrslan alls um 400 km.

6. ágúst

Vaknað snemma og lagt af stað suður fyrir Kerlingarfjöll í skálana þar, meðan morgunþokunni létti. Heimsóttum Leppistungur, Svínárnes og Helgaskála, könnuðum gestabækur og skráðum fjarskiptin á leiðinni. Rétt hjá Leppistungur athuguðum við skráningarnúmer á yfirgefnum jeppa utan vegar, fyrir lögregluna. Við Stóru Laxá tókum við 4 göngumenn frá Belgíu uppí og ferjuðum áleiðis að Þjórsá – annars var nánast engin umferð fólks á þessum slóðum. Skömmu seinna hafði Neyðarlínan

samband vegna augnslyss í Kerlingarfjöllum. Allar aðstæður voru sem verstar – lélegt fjarskiptasamband, 2 klst. keyrsla í Kerlingarfjöll og maður sem varð eftir á Hveravöllum, bíllaus. Eftir samráð Neyðarlínu, bakvaktar og læknis á Laugarvatni var þyrla send í loftið, sjúkrabíll frá Selfossi, okkar maður á fjórhjól frá Hveravöllum og Econoline snúið inn á Kjöl aftur. Tvísýnt var um að þyrlan gæti lent í Kerlingarfjöllum vegna veðurs en það hafðist þó milli skúra. Okkar maður komst til að huga að hinum slasaða og fylgja honum í þyrluna.

Þegar allir voru komnir á Hveravelli aftur, var slakað á í náttúruleuginni og góður matur snæddur. Önnur verkefni dagsins voru eitt sprungið dekk, lán á verkfærum og síma og margar fyrirspurnir útlendinga um hálendisvegina.

Ágætis veður þrátt fyrir klukkutíma skýfall á Hveravöllum, sem gerði það að verkum að gámurinn fór að leka.

7. ágúst

Fyrir hádegi var farið í Áfanga og eftir hádegi í Ásgarðsskála að hitta skálaverði. Fáir voru á ferli. Athugað með ökumann, sem blundaði grandalaus í bílnum sínum.

Á Hveravöllum var erlendum sem innlendum ferðamönnum sinnt – talsvert um rútubílstjóraspjall. Skálavörður aðstoðaður við pípulagnir á salerni.

Þurrt veður að mestu en gera þurfti ráðstafanir inni í gám til þess að stöðva leka. Vatnsblöðruslagur á plani til þess að bleyta nú örugglega í öllum.

Á miðnætti urðu mannaskipti, þannig að 3 fóru í bæinn og í stað þeirra komu 2 ferskir inn í gæsluna.

8. ágúst

Þeir nýju voru settir inn í vinnuna af þeim gömlu og reyndari strax snemma um morguninn. Talsvert var af verkefnum og var það fyrsta að fylgja 9 bíla lest Þjóðverja og Ítala yfir Blöndu og Svörtukvísl. Frekar lítið var í ánum sökum kólnandi veðurs, en ferðamönnunum þóttu samt nóg um og voru margar myndavélar á lofti. Báðar árnar voru kannaðar með því fyrst að vaða yfir svo menn sæju hvernig ætti að bera sig að.

Á Hveravöllum beið dekkjaskipti á rútu sem tók 2 klst. og sinntu konurnar “skrifstofunni” á meðan. Eftir hádegi var farið að Gíslaskála, Árbúðir og Hvítárnesi í góðu veðri og tækifærið nýtt til þess að taka myndir. Á leiðinni var komið að ökumanni sem hafði lent utanvegar og hreinsað allt framan á bílnum – allir sem betur fer óslasaðir. Hjálpuðum við hreinsunarstörf og tókum dekk með til viðgerðar á Hveravöllum.

Fleiri verkefni á Hveravöllum voru viðgerð á fjórhjól, plástur fyrir hjólreiðamann og huga að öðru dekki – lítið var um almennar fyrirspurnir.

Kíkt var inn í Þjófadali um kvöldið og aldrei þessu vant voru 3 bílar þar. Vegurinn dálítið sundurgrafinn eftir rigningar.

Rétt fyrir svefninn var hugað að starfsmanni Hveravalla sem hafði dvalist lengur í hesthúsaferð, en eðlilegt þótti. Kom í ljós að allt var í lagi þar.

9. ágúst

Ekið í Kerlingarfjöll fyrir hádegi og grennslast fyrir um símasambandsleysi þar fyrir staðarhaldarann. Sendir bilaður. Einnig farið norður fyrir í átt að Setrinu. Pumpað í dekk á fjórhjólum þar.

Eftir hádegi var farið í Áfanga þar sem var gert við eitt dekk. Neðra Blönduvað var athugað og kíkt í Þjófadali um kvöldið. Ágætis veður yfir daginn, þrútt fyrir svalar nætur og fátt fólk á svæðinu. Einn maður gekk frá Hveravöllum yfir hraunið að Þjófadölum og mætti aðeins fólki á stígnum við Eyvindarrétt.

Nokkrar fyrirspurnir við gám um slóðir og gönguleiðir, plástur gefinn og sími lánaður.

Heiti potturinn kvaddur um kvöldið – mjög rúmt um okkur, ólíkt síðustu helgi.

10. ágúst

Ekið í Hvítárnes og tilbaka aftur - tveir þreyttir göngumenn teknir með frá Hveravöllum.

Rútan frá SBA-norðurleið bilaði á planinu og var athugað með varahluti hjá okkur – enduðum á því að lána þeim síma.

Fyrirspurnir komu um ferðaáætlanir, Leppistunguveginna o.fl.

Seinni partinn fylgdum við hollenskum ferðamann á dráttarvél og þýskri fjölskyldu á “venjulegum jeppa” yfir Blöndu og Svörtukvísl. Fleiri óvenjuleg farartæki komu við á Hveravöllum því þyrlla lenti rétt við gáminn og beið meðan farþegarnir fóru í heitt bað.

Svalt veður þennan dag þrútt fyrir sól.

Tekið til í gáminum og hann gerður klár til brottflutnings, skálaverðir á Hveravöllum kvaddir og haldið í bæinn um kl. 19.